

61. landsþing Landssambands hestamanna.

Fundargerð Æskulýðsnefndar

Formaður nefndarinnar Þórunn Eggertsdóttir úr Fáki. Í nefndinni sátu 24 nefndarmenn.

Til nefndarinnar var vísað þremur þingskjölum. Þingskjöl nr 3 og 6 frá Keppnisnefnd LH voru tekin til umræðu. Þingskjál nr 19 frá Hestamannafélaginu Funa var tekið til afgreiðslu.

Umsögn nefndarinnar varðandi tillögu nr 3.

Skiptar skoðanir voru innan nefndarinnar og voru töluverðar umræður.

Eins og í tillögunni segir á að taka allar lagagreinar um keppni í pollaflokk út úr lögum og reglum LH.

Ef þessi tillaga verður samþykkt verður líka reglan um aldursflokkaskiptingu í kafla 4.1 í lögum og reglum LH felld út. Þar stendur: Pollar (9 ára á árinu eða yngri): pollatölt og pollafjörgangur. **Ekki skal keppt í pollaflokki á Íslandsmóti.**

Nefndin var sammála um að tillagan yrði samþykkt þó með þeim fyrirvara að grein 4.1 um aldursflokkaskiptingu haldist inni.

Samkvæmt stefnu ÍSí í íþróttum barna og unglinga eiga yngri en 10 ára börn öll að fá jafna viðurkenningu. Nefndin leggur því til að vitnað verði í stefnu ÍSí í lögum og reglum LH um þetta ákvæði.

Við viljum hvetja félögin til að hafa í boði viðburð, flokk eða annað fyrir polla á sínum mótum til undirbúnings fyrir keppni í framtíðinni.

Umsögn nefndarinnar varðandi tillögu nr 6

Nefndinni fannst tillaga 6 heldur stór og viðamikil.

Góð umræða varð í nefndinni um tillöguna og þá sérstaklega varðandi grein 5.2 sem snýr að börnum, unglingum og ungmönnum og vorum við sammála breytingunni í þeirri grein.

Einnig ræddum við grein 5.1 töluvert og var nefndin ekki sammála þar.

Tillaga 19 frá hestamannafélaginu Funa

Nefndin fékk til afgreiðslu tillögu 19 frá hestamannafélaginu Funa.

Við vorum öll sammála og leggjum til að tillagan verði samþykkt.

Nefndin hvetur stjórn LH til að leggja vinnu í að endurvekja treknefndina. Það er nauðsynlegt að hvetja til aukins fjölbreytileika innan hestamenskunnar, og ná þar á leiðandi til sem flestra.

Valur Ásmundsson í Funa sagði okkur frá starfinu þar hafa þeir keppt í Treki í nokkur ár á sérútbúinni braut.